

Námsvísir

1. bekkur

2024 – 2025



**MEÐ OPNUM HUG
OG GLEÐI Í HJARTA**

Menntastefna Reykjanesbæjar, Með opnum hug og gleði í hjarta, var höfð til hliðsjónar við gerð námsvísa skólans. Í henni eru þrjú leiðarljós sem eiga að einkenna allt starf með börnum í Reykjanesbæ, þau eru:



Einnig eru fimm stefnuáherslur sem eru:



Bakgrunnssupplýsingar

Umsjónakennarar árgangsins eru Guðrún Lína Einarsdóttir og Sveinbjörg Anna Karlsdóttir. Nemendur eru 40 talsins. Nemendur eru 30 kennslustundir á viku í skólanum.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allt skólaárið og tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum námsgreinum. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

★	Framúrskarandi
✓	Hæfni náð
◇	Á góðri leið
○	Þarfnast þjálfunar
✗	Hæfni ekki náð

Hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið.

Komið er til móts við þarfir nemenda með ýmsum hættir. Þeir nemendur sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem kennarar hafa sett í samráði við foreldra.

Menntagildi og meginmarkmið íslensku

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Íslenskukennslu er í meginatriðum skipt upp í fjóra flokka: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og loks málfræði. Lestur er öflugt tæki nemenda til þess að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Í lýðræðisþjóðfélagi er mikilvægt að geta tekið virkan þátt í ýmis konar umræðum, hlustað af athygli og skilið og greint þær upplýsingar sem fyrir augum og eyrum ber.

Kröfur samfélagsins til lestrarfærni hafa breyst mikið á undanförunum árum. Mikilvægt er að nemendur nái góðum lestrarhraða en ekki síður að þeir öðlist góðan lesskilning og séu gagnrýnir á þann texta sem lesinn er. Leitast er við að auka leshraða, lesskilning, almennan lestraráhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntaarfi með lestri margs konar bókmenntaverka og ritaðra texta. Lestur og ritun tengjast óhjákvæmilega. Til þess að nemendur geti mætt kröfum samfélagsins um að geta tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi þurfa þeir bæði að beina sjónum sínum að sjálfum textanum, efni hans, skipulagi, málsniði og stíl og tæknilegum atriðum eins og skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágangi. Í ritunarverkefnum er lögð áhersla á að nemendur setji efni sitt skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, allt frá frjálsri ritun í skipulagðar ritgerðir. Markmið málfræðikennslunnar er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmáli sínu.

Hæfniviðmið

Ritun	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Dregið rétt til stafs og skrifað í rétta átt• Haldið rétt á skriffæri• Ástundað vandvirkni og góðan frágang• Unnið með ritun orða
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Tekið virkan þátt í umræðum• Hlustað og horft með athygli á upplestur leikið efni, ljóð og söngva• Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri• Endursagt efni sem hlustað hefur verið á,• Tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum• Sýnt tillitssemi og kurteisi• Sungið algenga barnasöngva og farið með þulur.
Lestur og bókmenntir	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Nefnt heiti og hljóð allra bókstafa• Tengt bókstafi og myndað orð• Lesið léttan texta• Valið lesefni eftir áhuga og lestrargetu• Beitt hugtökum sem tengjast bókmenntum s.s. sögupersóna, höfundur og ævintýri• Nýtt orðaforða, þekkingu sína og reynslu til að skilja texta og ráða í merkingu orða

Málfræði	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska • Þekkt og fundið nokkur málfræðihugtök, s.s. bókstafi, tölustafi, hljóð, orð, punkt, setningu og málsgrein • Myndað einfaldar málsgreinar • Leikið sér með orð og merkingu þeirra s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki
-----------------	--

Kennsluhættir

- Nemendur fá tækifæri til að tjá sig fyrir framan bekkjarfélaga sína, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra
- Nemendum er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- Nemendur hlusta á upplestur á sögum og ljóðum bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. á hljóðbók eða myndbandi
- Við lestrarkennsluna er stuðst við hljóðaaðferð
- Unnið er með bókstafina bæði heiti og hljóð en einnig heilar orðmyndir
- Um leið og börnin geta lesið fá þau lestrarbækur við hæfi og lesa heima daglega. Einnig lesa þau daglega hjá kennara
- Lögð er áhersla á aukinn orðaforða og lesskilning með margvíslegum verkefnum tengdum lestrarbókum
- Hópastarf og hringekja með fjölbreyttum kennsluháttum er notað við íslenskukennslu
- Áhersla lögð á þjálfun fínhyfingna
- Kennnd eru frumatriði skriftar svo sem stafdráttur, skriftarátt, rétt grip á skriffæri, réttar líkamsstillingar
- Nemendur vinna með stafsetningu orða
- Kennsla í málfræði er samofin kennslu í öðrum þáttum móðurmálsins
- Kennnd eru málfræðihugtök um leið og þau koma fyrir í máli og málnotkun, s.s. samheiti, andheiti, einstala og fleirtala og fleira
- Notuð eru öll tækifæri sem gefast til að leika með málið með rími og orðaleikjum.

Námsgögn

- Markviss málörvun.
- Lestalandið 1
- Lestalandið 2 og 2+
- Lestarbækur
- Ýmis verkefni og hefti sem tengjast námsefni hverju sinni
- Ritrún

Námsmat

Miðstöð menntunar og skólapróunar gefur út viðmið í lesferli og hér má sjá viðmið sem sett eru fyrir lok 1. bekkjar:

- 75 orð eða meira á mín.- mjög góður árangur.

- 55 – 75 orð á mín. - góður árangur.
 - 20 – 55 orð á mín. - nokkuð góður árangur
 - 0 – 20 orð á mín. - nemandi þarfnast aðstoðar.
- Bókstafakannanir eru lagðar fyrir þá nemendur sem ekki eru farnir að lesa samfelldan texta.
 - Lesfimiþróf eru lögð fyrir tvisvar sinnum á skólaárinu, í janúar og maí. Nemendur eru lestrarþrófaðir oftast ef þurfa þykir.
 - Skimunarþrófið Leið til læsis lagt fyrir í október

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur fá leiðsögn og hvatningu á meðan vinnu stendur og fer mat fram á allri verkefnavinnu nemenda. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennarar

Guðbjörg Fríða Pálmarsdóttir, Guðrún Lísá Einarsdóttir og Sveinbjörg Anna Karlsdóttir.

Menntagildi og meginmarkmið í stærðfræði

Hæfni í stærðfræði er forsenda læsis og sköpunar á flestum sviðum tækni, fræða og verkmenningar. Hún styður fólk til að taka ígrundaðar ákvarðanir í daglegu lífi, sem hafa áhrif á heilbrigði og velferð og að taka virkan þátt í lýðræðissamfélagi sem er í stöðugri þróun. Við notum til dæmis tölur og reikniaðgerðir til að eiga í samskiptum, skipuleggja, draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um framleiðslu og neyslu og stuðlum þannig að sjálfbærni. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Samfélag okkar og nýsköpun innan þess einkennist af kerfum sem byggjast á nýtingu stærðfræðinnar, t.d. kosningakerfi, upplýsingar á netinu, staðsetningarkerfi, farsímar, veðurspár, tölvuleikir, teiknimyndir og fleira. Stærðfræði er alþjóðlegt tungumál og verkfæri til að miðla upplýsingum og hugmyndum og vinna úr þeim. Með þrautalausnum þróa nemendur með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni og ígrunda ólíkar aðferðir sem nýtast við lausnir þeirra og mat á niðurstöðum. Mikilvægt er að nemendur geti talað saman um stærðfræði, notað tungumál og hugtök hennar og fært rök fyrir máli sínu. Góð kunnátta í stærðfræði getur stuðlað að gagnrýnni hugsun og aukinni ábyrgð nemenda í daglegu lífi, m.a. hvað varðar ákvarðanir um eigin fjármál og neyslu.

Hæfniviðmið

<p>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Leyst einfaldar stærðfræðiþrautir með því að nota áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir • Tekið þátt í samræðum um stærðfræði
--	--

<p>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn s.s. tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál • Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni • Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn t.d. talnagrindur, talnalínur, reglustikur og fleira
<p>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar • Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna • Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga • Rætt um einföld stærðfræðihugtök
<p>Rúmfræði og mælingar</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nefnt valin stærðfræðiform • Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form og stærðir • Notað hugtök tengd tímatali s.s. dagar, vikur, mánuðir og ár • Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd • Nýtt sér óstöðluð og stöðluð mælitæki • Sagt til um heilan og hálfan tíma á klukku • Teiknað skýringarmyndir af formum og hlutum í umhverfi sínu
<p>Algebra</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt • Spáð fyrir um framhald mynsturs
<p>Tölfræði og líkindi</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gert einfalda athugun og skráð niðurstöður, • Skráð niðurstöður í súluriti • Lesið niðurstöður úr súluriti • Talið og flokkað niðurstöður • Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.
<p>Tölur og reikningur</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Notað tölurnar 0 – 50, heiti þeirra og tákn, raðað og borið saman • Lagt saman með tölunum 0 – 30 á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt

	<ul style="list-style-type: none"> • Dregið frá með tölunum 0-30 á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt • Notað tugakerfisríthátt frá 0-10, • Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar- og frádráttardæmi • Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi.
--	--

Kennsluhættir

- Lögð er áhersla á að tengja stærðfræðina reynsluheimi nemenda, umhverfi og daglegu lífi.
- Leitast er við að vinna hlutbundið og í gegnum leik þannig að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar.
- Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti.
- Áhersla er lögð á spil og þrautir til eflingar samvinnu og rök hugsunar.
- Lögð eru inn grunnhugtök í stærðfræði.
- Unnið er ítarlega með tölur frá 0 og upp í 30 en jafnframt er farið í tölur frá 30 – 100 á einfaldari hátt.
- Farið er í uppbyggingu tugakerfisins og nemendur þjálfaðir í að telja og flokka á margvíslegan hátt.
- Kenndar eru einfaldar reikniaðgerðir í samlagningu og frádrætti.
- Lögð áhersla á að nemendur læri tákni stærðfræðinnar.
- Nemendur eru þjálfaðir í að lýsa og búa til mynstur sem endurtaka sig kerfisbundið með því að nota hluti, myndir, tölur og fl.
- Nemendur flokka hluti eftir eiginleikum og rökstyðja flokkun sína.
- Nemendur vinna rúmfræðiverkefni, flatarmyndir og mælingar á hlutbundinn hátt meðal annars með kubbum og spilum.
- Nemendur gera einfaldar athuganir bæði úti og inni, skrá niðurstöður og lesa úr þeim.

Námsgögn

- Sproti 1a æfingahefti
- Sproti 1b nemendabók
- Stærðfræðispæjarar 1
- Ýmis kennsluforrit af veraldarvefnum
- Námsspil
- Ýmis verkefni og hefti sem tengjast námsefni hverju sinni.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur fá leiðsögn og hvatningu á meðan vinnu stendur og fer mat fram á allri verkefnavinnu nemenda. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennarar

Guðrún Lísá Einarsdóttir og Sveinbjörg Anna Karlsdóttir.

Menntagildi og meginmarkmið náttúrufræði

Íslendingar þurfa að vera meðvitaðir um að mannlegar ákvarðanir hafa áhrif á jörðina, nú og til framtíðar. Allir þurfa að taka virkan þátt í samfélagi með upplýstum og gagnrýnum viðhorfum.

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. *náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt*. Þessir þættir, ásamt viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu eru grunnurinn að náttúrufræðinámi nemenda.

Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni en ekki síst viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og ábyrgðar. Með virkri þátttöku nemenda styrkist verkleg færni, félagsleg færni, frumkvæði og ábyrgð. Það er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að upplifa og skoða náttúruna og umhverfið.

Áhersla er lögð á að nemendur verði vísindalæsir. Í því felst að geta lesið texta um náttúruvísindi sér til gangs og gleði, nýtt hugtök náttúrufræðinnar og skilið ýmist náttúruleg eða manngerð fyrirbæri. Nám í náttúrugreinum á að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum t.d. að nemendur fái í einhverjum tilfellum val um viðfangsefni. Einnig er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að móta umhverfi sitt með einhverjum hætti.

Hæfniviðmið

Geta til aðgerða	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">Látið sig varða nánasta umhverfi.
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">notað einföld hugtök úr náttúruvísindum.
Vinnubrögð og færni	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">gert einfalda athugun úti og inni,aflað sér upplýsinga er varða náttúruna,skráð atburði og athuganir með eigin teikningum eða ljósmyndum. Sagt frá með eigin orðum,hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
Ábyrgð á umhverfinu	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru alúð,tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru,nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.
Að búa á jörðinni	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">fylgst með veðráttu í heimabyggð,lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum.
Lífsskilyrði manna	Nemandi getur:

	<ul style="list-style-type: none"> útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns, þekki áhrif hitastigs og sólarljós á umhverfi.
Náttúra Íslands	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> sagt frá eigin upplifun á náttúrunni, lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.
Heilbrigði umhverfisins	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> flokkað úrgang.
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins.

Kennsluhættir

- Útinám og vettvangsnám um nær umhverfi nemenda.
- Umræður við nemendur þar sem lögð er áhersla á náttúruvernd og umhverfisvitund.
- Umræða um hugtök tengd veðurfari og breytileika þess. Hugtök tengd við athafnir daglegs lífs t.d. hvernig klæðnaður er hentugur hverju sinni í útiveru.
- Unnin verkefni tengd árstíðum.
- Umræða um ábyrgð og virðingu gangvart samnemendum.
- Fræðsla skólahjúkrunarfræðings um hreyfingu og heilbrigði.
- Þemaverkefni tengd árstíðum, mannlíkamanum, náttúru og lífríki náttúrunnar.
- Umræða um endurvinnslu og tilgang flokkunar.

Námsgögn

- Halló heimur 1. Unnir eru kaflarnir um mannlíkamann, árstíðir, ljós og skuggar og sjálfsmyndin.
- Köngulær.
- Vettvangsferðir.
- Komdu og skoðaðu umhverfið.
- Ýmis verkefni og hefti sem tengjast námsefni hverju sinni.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur fá leiðsögn og hvatningu á meðan vinnu stendur og fer mat fram á allri verkefnavinnu nemenda. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennarar

Guðrún Lía Einarsdóttir og Sveinbjörg Anna Karlsdóttir.

Menntagildi og meginmarkmið samfélagsfræði

Menntagildi samfélagsgreina felst í því að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Þessi hæfni á sér þrjár rætur.

- 1) Í tengslum við aðra sem þegar eru mótuð, svo sem innan fjölskyldunnar,
- 2) Í tengslum við sjálfan sig
- 3) Í myndun nýrra tengsla við aðra við breytilegar aðstæður.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

Hæfniviðmið

Reynsluheimur	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sýnt umhyggju og sáttfýsi • Sagt frá og skilið samhengi milli orða, athafna og afleiðinga • Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða • Áttað sig á að hann tilheyrir stærra samfélagi og að við höfum ábyrgð gagnvart öðrum í samfélaginu • Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni • Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu
Hugarheimur	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur • Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði • Sett sig í spor annarra • Sett sér einföld markmið og unnið að þeim • Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna
Félagsheimur	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi • Rætt um valin samfélagsleg og siðferðisleg málefni • Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra • Hlustað á ólíkar skoðanir • Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna • Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar og nefnt dæmi um slíkar reglur • Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og star

Kennsluhættir

- Útinám og vettvangsnám ásamt hópastarfi.
- Umræða um góð samskipti, hefðir og venjur, mikilvægi fjölskyldu og fjölbreytileika samfélagsins.
- Umræða um hlutverk nemenda í samfélagi og ábyrgð þeirra.
- Umræða um umhverfi nemenda og umferðarfræðsla.
- Umræða og verkefni um sjálfsmynd, sjálfsvitund, tilfinningar og sjálfsvirðingu.

- Unnið með uppbyggingarstefnuna.
- Nemendur læri að setja sér markmið varðandi nám og hegðun.
- Umræða um virðingu fyrir öðrum.

Námsgögn

- Bókin um Tíslu.
- Verkefni tengd Uppbyggingarstefnunni.
- Kraftaverkið ég – aldursmiðuð kynfræðsla.
- Halló heimur 1. Kaflinn um sjálfsmynd.
- Ýmis verkefni og hefti sem tengjast námsefni hverju sinni.
- Litla lirfan ljóta – bók og stuttmynd.
- Eineltishringurinn.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur fá leiðsögn og hvatningu á meðan vinnu stendur og fer mat fram á allri verkefnavinnu nemenda. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennarar

Guðrún Lísá Einarsdóttir og Sveinbjörg Anna Karlsdóttir

Menntagildi og meginmarkmið skólaíþróttar

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja skal áherslu á eru: hreyfing, jákvæð sjálfsmynd, næring, hvíld, andleg vellíðan, skapandi hugsun, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Því skal skólustarf skipulagt til að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Með samtengingu námsþátta í skólaíþróttum við aðrar námsgreinar og í skólustarfinu öllu skapast möguleikar til að fá fram jákvæðan skólabrag og það heilsueflandi umhverfi sem til þarf. Til þess að efla jákvæðan skólabrag í Heiðarskóla þá erum við með útivistarviku, íþróttaviku og Heiðarleika.

Skólaíþróttir eru mikilvæg námsgrein til að skapa börnum og ungmönnum aðstæður til heilbrigðra lífshátta, efla færni þeirra í samskiptum, auka þrek, styrkja ákvarðanatöku, kenna markmiðasetningu og streitustjórnun. Íþróttir eru vel til þess fallnar að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Aukin sundfærni styrkir sjálfsmynd og eykur sjálfsöryggi einstaklingsins. Það mikilvægasta er þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira. Með því að glíma við ögrandi verkefni lærist að þjálfun og ástundun gefur árangur jafnt í íþróttum sem öðru námi.

Í skólaíþróttum eru lykilþættirnir sjálfstæði, samvinna og ábyrgð og mat á eigin námi þjálfaðir.

Hæfniviðmið

Nemandi getur:

- Gert æfingar sem reyna á þol
- Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu
- Tekið þátt í stöðluðum prófum
- Tekið þátt í leikjum í sundlaug
- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum
- Flotið á bringu eða baki
- Gert skriðsund með hjálpartækjum
- Gert skriðsundsátök með hjálpartæki
- Farið með andlit í kaf
- Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.

Kennsluhættir

Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskapættina gegnum fjölbreytta leiki, frjálsan leik og leikæfingar.

Námsgögn

Áhöld og tæki sem eru til í íþróttahúsi sem og útisvæði á skólalóð Heiðarskóla og nærumhverfið.

Námsmat

Hæfniviðmið eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið í íþrótt- og sundtímum.

Kennarar

Jón Norðdal Hafsteinsson, Skúli Sigurðsson og Sveinn Þór Steingrímsson.

Menntagildi og meginmarkmið list- og verkgreina

Listir og handverk eru samtvinnuð daglegu lífi þó við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því. Kennsla í list- og verkgreinum geta auðveldað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á náms- og atvinnutækifærum innan starfs- og listnáms.

Í skapandi starfi og lausnaleiti getur nemandinn haft áhrif á umhverfi sitt og tekið þátt í að móta menninguna. Allir hafa hæfileika til að skapa og með kennslu list- og verkgreina fá nemendur tækifæri til að þroska þann hæfileika.

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar, ólíkar tjáningaleiðir.

List- og verkgreinar eru margar ólíkar greinar sem tengjast að einhverju leyti en þó ekki öllu.

Leik- og tónlist

Hæfniviðmið

Leiklist	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Tekið virkan þátt í leikrænu ferli með hópnum/bekknunum• Sýnt tillitssemi í leik• Notað búninga og leikmuni til að styðja við sköpun sína• Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi• Farið eftir fyrirmælum kennara
Tónlist	Nemandi getur <ul style="list-style-type: none">• tekið þátt í söngstundum á sal

Kennsluhættir

Kennslan byggir á léttum leiklistar og hópeflisæfingum. Að koma fram á sviði með hóp eða einir. Að geta tjáð sig fyrir framan hóp og kunna að vera áhorfandi. Nemendur kynnast leikmunum og búningum. Unnið er með ¼ árgangsins í einu, ca. 6 vikur í senn. Söngstundirnar verða á sal með nemendum úr 2. bekk.

Námsgögn:

Söngtextar fengnir úr söngbókum og af veraldarvefnum.

Námsmat:

Tekin eru mið af hæfniviðmiðum. Söngstundir eru ekki metnar á Mentor.

Kennarar:

Guðný Kristjánsdóttir og Guðrún Lís Einarsdóttir

Menntagildi og meginmarkmið upplýsinga- og tæknimennt

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér, miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þá gagnrýnið mat.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi.

Hæfniviðmið

Vinnulag og viðbrögð	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.• Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.• Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.• Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.• Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.
-----------------------------	---

Upplýsingaöflun og úrvinnsla	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. • Nýtt rafrænt og gagnvirk námsefni. • Unnið með heimildir. • Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
Tækni og búnaður	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni. • Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.
Sköpun og miðlun	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.
Siðferði og öryggismál	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun.
Lykilhæfni	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu • Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni • Farið eftir einföldum reglum um ábyrgða netnotkun • Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn

Kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir með sýnikennslu sem stuðla að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Námsgögn

Tölvuver skólans, námsforrit í spjaldtölvum og kennslugögn skólans sem tengjast forritun.

Námsmat

Leiðsagnarmat samþætt við aðrar greinar.

Kennarar

Guðrún Lía Einarsdóttir og Sveinbjörg Anna Karlsdóttir